

# REFSIRÉTTARNEFND

Dómsmálaráðherra

Jón Gunnarsson

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2023

## I.

Hinn 5. maí 2023 barst formanni refsiréttarnefndar erindi dómsmálaráðuneytis þar sem greint var frá því að ráðuneytinu hefði borist erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem athygli hefði verið vakin á því að nefndin hefði frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bælingarmeðferð, þskj. 45, 45. mál) til umfjöllunar. Með sama erindi var ráðuneytinu gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum vegna frumvarpsins.

Refsiréttarnefnd fjallaði að beiðni dómsmálaráðuneytis um frumvarpið á fundi sínum 25. maí 2023 og fylgir umsögn nefndarinnar hér á eftir.

## II.

Í greinargerð með tilgreindu frumvarpi kemur fram að með því sé lagt til að nýrri lagagrein, 227. gr. b, verði bætt við XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (brot gegn frjálssræði manna). Með ákvæðinu verði gert refsivert að láta einstakling undirgangast svonefnda bælingarmeðferð með nauðung, blekkingum eða hótunum, að láta barn undirgangast slíka meðferð hér á landi eða erlendis sem og að framkvæma bælingarmeðferðir, hvetja til eða þiggja fé vegna þeirra. Einnig eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á lögsögureglum 3. mgr. 5. gr. hegningarlaganna sem og fyrningarreglum 1. mgr. 82. gr. að því er varðar fyrningarfrest brota gegn börnum.

## III.

Samkvæmt greinargerð vísar bælingarmeðferð (*e. conversion therapy*) til þess þegar fólk „er látið sæta meðferð til að bæla niður og breyta kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu þess“. Refsiréttarnefnd tekur undir með frumvarpshöfundum að mikilvægt sé að veita fólki,

sérstaklega börnum, viðeigandi vernd gegn skaða sem slíkar meðferðir kunna að valda. Refsiréttarnefnd bendir á hinn bóginn á að í frumvarpinu er ekki vikið að eðli eða umfangi bælingarmeðferða hér á landi og verður því ekki að mati nefndarinnar séð, að svo komnu máli, að refsíabýrgð, eins og hún er útfærð í frumvarpinu, sé nauðsynleg eða farsælasta aðferðin við veita þá vernd sem að er stefnt. Í því sambandi er þess sérstaklega að geta að heilbrigðis-, barnaverndar- og félagsmálayfirvöld virðast hafa haft takmarkaða eða enga aðkomu að undirbúningi frumvarpsins eða fagfélög einstakra starfsstétta. Að áliti refsiréttarnefndar er fagþekking þessara stofnana og stétta, sem og annarra hagsmunaðila og hagsmunasamtaka, nauðsynleg við greiningu á svo mikilvægu málefni sem um ræðir og þá ekki síst því skyni að útfæra viðeigandi lausnir enda ekki einvörðungu um lögfræðilegt úrlausnarefni að ræða.

#### IV.

Þá er bent á það í greinargerð að samkvæmt samantekt þings Evrópusambandsins frá júní 2022<sup>1</sup> hafi fimm aðildarríki innan sambandsins samþykkt löggjöf um bælingarmeðferðir auk þess sem tillögur/frumvörp þessa efnis hafi verið lögð fram í nokkrum öðrum ríkjum sem ekki hafi náð fram að ganga. Þá kemur fram í frumvarpinu að á hinum Norðurlöndunum sé til skoðunar hvort lögfesta eigi lagaákvæði um bann við bælingarmeðferðum. Það er álit refsiréttarnefndar að rétt sé að fylgjast með og taka mið af réttarþróun í öðrum Evrópuríkjum, einkum Norðurlöndunum, áður en það skref er stígið sem nú er lagt til.

#### V.

Hvað viðvíkur innihaldi frumvarpsins sjálfs eru einkum þrjú atriði sem refsiréttarnefnd vill draga fram. Í fyrsta lagi er æskilegt að hugtakið „meðferð“ sé skilgreint og afmarkað nánar en nú er gert. Sem dæmi um slíkar meðferðir eru í greinargerð nefndar samtalsmeðferðir og einnig inngripsmeiri meðferðir eins og rafstuðsmeðferðir, dáleiðsla og uppskurður á heila. Aðrar meðferðir, sem að áliti refsiréttarnefndar gætu hér komið til athugunar, eru sálfræðimeðferðir, læknismeðferðir og trúarlegar meðferðir. Ef ætlunin er að hugtakið „meðferð“ sé skilið á svo víðtækan hátt að hvers kyns meðferðir falli þar undir væri æskilegt að það kæmi skýrt fram í frumvarpinu en jafnframt fjallað um hvaða háttsemi félli ekki þar undir.

---

<sup>1</sup> [https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2022/733521/EPRS\\_BRI\(2022\)733521\\_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2022/733521/EPRS_BRI(2022)733521_EN.pdf)


Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir viðtækri refsíabyrgð í núverandi mynd, sbr. orðalagið „Hver sem með ...“. Ljóst virðist að þar undir geti fallið ýmsar fagstéttir en æskilegt væri að frumvarpið væri skýrara um ábyrgð foreldra/forsjáraðila í þessu sambandi og undir hvaða kringumstæðum refsíabyrgð þessara aðila gæti mögulega stofnast.

Í þriðja lagi verður ekki ráðið af frumvarpinu að tekin hafi verið afstaða til þess að hvaða marki sú háttsemi, sem frumvarpið lýsir, er nú þegar refsiverð að íslenskum lögum samkvæmt almennum hegningarlögum en einnig samkvæmt sérlögum, svo sem löggjöf sem gildir um heilbrigðisstarfsfólk og -þjónustu eða barnavernd. Bendir refsiréttarnefnd í því sambandi á að ef háttsemi sem lýst hefur verið refsiverð fellur undir efnislýsingu fleiri en eins refsíakvæðis kann slíkt að valda vandkvæðum í framkvæmd enda kann þá vafi að leika á því hvaða lagaákvæði skuli beita.

## VI.

Með vísan til framanritaðs er það álit refsiréttarnefndar að mikilvægt sé að fylgjast grannt með þróun evrópskrar og þá ekki síst norrænnar löggjafar áður en refsíakvæði um bælingarmeðferð er fest í íslensk lög. Að sama skapi er það mat refsiréttarnefndar að ýmis atriði í frumvarpinu í núverandi mynd séu ekki nægilega skýr sem og að leiðbeiningar um túlkun og efnisafmörkun frumvarpsins í greinargerð þyrftu að vera fyllri.

Virðingarfyllst,



Svala Ísfeld Ólafsdóttir formaður